

## Morgunblaðið

Útgef.: H.F. Árvakur, Reykjavík.  
 Ritstjórn:  
 Jón Kjartansson,  
 Valtýr Stefánsson (Ábyrgðarm.).  
 Auglýsingar: Árni Óla.  
 Ritstjórn, auglýsingar og afgreiðsla:  
 Austurstræti 8. — Sími 1600.  
 Áskriftargjald: kr. 3,00 á mánuði.  
 Í lausasölu: 15 aura eintakið,  
 25 aura með Lesbók.

## Samtal við Thor Thors alpm.

## Íslendingar hafa borið af öllum öðrum vestan hafs

## Innflytjendasambandið

Kauksýslumenn hafa stigið merkilegt spor. Aðalinnflytjendur kornvara, kaffi og sykurs hafa myndað með sjer samband, sem nefnist Innflytjendasambandið. Þeir sem að samtökum þessum standa, en það eru aðallega heildsalar, munu hjer eftir gera öll innkaup gegn um Innflytjendasambandið. Stjórn sambandsins skipa fimm menn.

Innflytjendasambandið hefir eina sameiginlega skrifstofu og er Magnús Kjaran stórkaupmaður ráðinn framkvæmdastjóri.

Með stofnun þessa Innflytjendasambands verður ekki um að ræða nema tvo aðalinnflytjenda þeirra vörutegunda, sem um er að ræða, sem sje Innflytjendasambandið og SíS.

Á þessum erfiðleikatímum er það til mikilla þæginda, að aðalinnflutningur nauðsynja sje í fárra höndum og þeirra einna, sem hafa reynslu og þekkingu.

Fyrst og fremst verður þetta til mikilla þæginda fyrir bankaana. Þeir eiga vegna þessarar samsteypu miklu hægra með að hafa eftirlit með því, til hvers hinn takmarkaði gjaldeyrir er notaður og að honum verði rjettlátlega skift. Þeim verður auðveldara að sjá til þess, að ekki sje of mikið keypt inn af einni vöru, en aðra vantar máske tilfinnanlega.

Þá ljettir þetta mjög starf Verðlagsnefndar, sem hefir eftirlit með álagningu á vöruna. Nú þarf Verðlagsnefnd ekki að snúa sjer nema til tveggja aðilja í stað margra áður. Þetta gerir eftirlitið margfalt auðveldara og einfaldara.

Loks ætti með stofnun Innflytjendasambandsins að vera greiðara um samkomulag milli aðal innflytjenda landsins, kaupmanna og SíS. Er þess að vænta, að þessi nýju samtök kaupmanna verði upphaf þess, að leystur verði sá hnútur, sem verið hefir á þessum málum og mestum deilum hefir valdið.

Næsta sporið ætti svo að vera það, að fulltrúar innflytjenda, kaupmanna og SíS, komi sjer í bróðerni saman um framkvæmd þessara mála og þá mætti vissulega hverfa skrifstofubáknið, innflutningsnefndin, sem nú ríkir, öllum til ama og óþurftar.

Ef samkomulag næðist um þessi mál milli innflytjenda sjálfra, þá væri rutt úr vegi þeim steini, sem nú er erfiðastur í götu samvinnu og samstarfs flokka. Af því myndi mikil blessun hljóttast.

Það hefir dregist lengur en ætlað var, að verða við þeim tilmælum yðar, að skýra lesendum Morgunblaðsins frá ferð minni um byggðir Vestur-Íslendinga á s.l. sumri, sagði Thor Thors alpm. við mig, er jeg hitti hann á heimili hans nýlega. En nú skal reynt að efna þetta loford.

Eins og yður er kunnugt flutti jeg erindi í útvarpið um för mína til Vesturheims. Jeg taldi rjett að gera þetta vegna hinna mörgu kyldmenna Vestur-Íslendinga, sem búsettir eru víðsvegar um landið.

Jeg ætla því ekki í samtali mínu við yður nú, að endurtaka útvarpsfnið, sem fjallaði um tildrög fararinnar, dvölna í Winnipeg, Þjóðræknisfelag Íslendinga í Vesturheimi og fundi þá, er jeg sótti. En það er margt, sem hlaupa varð yfir í útvarpsrerindinu, er við getum skrafað um.

★  
 Það munu vera um 30—40 þús. manns af íslensku bregi brotnir í Vesturheimi, flestir í Kanada. Winnipeg hefir verið höfuðborg Íslendinga í Vesturheimi, því að þar eru búsettir um 7 þús. þeirra.

Winnipeg er mjög falleg og vingjarnleg borg, sem vaxið hefir ört á undanförunum áratugum, eða frá því að vera aðeins smáþorp, um það bil er fyrstu Íslendingarnir komu vestur og upp í skipulagða nýtsku stórborg, með um 300 þús. íbúa.

Hvert fylki í Kanada hefir sjálfstjórn og sjerstaka lög-gjafarsamkomu. Winnipeg er höfuðborgin í Manitobafylki, sem hefir um 700 þús. íbúa. Þar er mjög skrautleg þinghöll, þar sem sæti eiga 55 kjörnir fulltrúar, þ. á. m.

Eftir að Thor Thors alpm. kom heim úr utanför sinni, birtist í Morgunblaðinu samtal við hann um ýmislegt varðandi íslensku sýninguna í New-York. Lofaði þá Thor því, að hann skyldi síðar segja lesendum blaðsins eitthvað frá heimsókn sinni í byggðir Íslendinga í Vesturheimi. Birtist hjer fyrri kafli þess samtals.

2 Íslendingar og er annar kona. Þar háði baráttu sína forðum Tomás Johnson, fyrsti íslenski ráðherrann í Vesturheimi.

Rjett utan við Winnipeg er háskóli Manitobafylkis. Þar eru 12 veglegar stórbyggingar og 3000 stúdentar; þar af um 60 Íslendingar. Þar er Skúli Johnson prófessor í latínu og grísku. Ýmsir merkustu Íslendingar í lækna- og lögfræðingastjett flytja þar fyrirlestira öðru hvoru, en Hjalmar Bergmann lögmaður er varaforseti háskólaráðsins. Í bókasafni háskólans er geymt hið merka íslenska bókasafn, sem Arnlfjótur Ólsson gaf.

Í Winnipeg er Skóli Jóns Bjarna sonar, sem stofnaður var af hinum mikla kennimanni, sr. Jóni Bjarnasyni, í þeim tilgangi að halda uppi íslenskri tungu og menta ísl. ungmennti. Skólanum er haldið uppi af Íslendingum. Skólastjóri er nú síra Runólfur Marteinson, hinn mætasti maður.

Í Winnipeg eru gefin út bæði blöð Íslendinga, Lögberg og Heims kringla, og þar eru aðalbækistöðvar beggja íslensku safnaðanna vestra, Lúterska safnaðarins og Hins sameinaða kirkjufelags í Vesturheimi. Stendur trúarlíf Íslendinga þar í borginni í miklum blóma og eiga háðir söfnuðirnir veglegar kirkjur. Þar hefir og stjórn Þjóðræknisfelagsins aðsetur.

Þótt Íslendingar sjeu aðeins um 7000 í Winnipeg gætir þeirra tals-

vert í borgarlífínu, enda eru í hópi þeirra fjölmargir ágætis menn í öll um stjettum, er mikils álitis njóta, einnig hjá hinni ensku mælandi þjóð.

Íslendingum í Winnipeg er mikill vandi á höndum, að vernda ísl. tungu, því þrátt fyrir samheldni þeirra, gefur að skilja, að dagleg viðkyrning þeirra og viðskifti eru samgróin hinu breska fólk og ættir þeirra hljóta eðlilega að blandast. Þarf því mjög sterk átök til þess að tungan glatist ekki hinni ungu kynslöð. En þar hefir þjóðræknir Íslendinga unnið kraftaverk.

★

Frá Winnipeg ferðaðist jeg um byggðir Íslendinga við Selkirk, að Gimli, í Nýja-Íslandi og í Argyle. Jeg hefi áður lýst því, hversu mjer fanst þjóðræknin og vinarhugurinn til Íslands og ísl. þjóðarinnar einkenna allar þær samkomur, er jeg kom á. Alt það, sem getur verið ísl. þjóðinni til styrktar og velfarnaðar, er Vestur-Íslendingum innilegt gleðiefni. Þeir óska þess af alhug, að þjóðin beri gæfu til að standa saman í baráttu sinni og fögnuðu einlæglega hinni vaxandi viðleitni í þá átt.

Meðan jeg dvaldi hjá fólkinu í þessum Íslendingabygðum, fanst mjer jeg vera heima. Jeg hefi aldrei vitað það fyr hversu viðlent ríki Fjallkonunnar er og hve traust og víða tengjast bönd við Ísland.

Í sveitinni verndast ísl. tunga betur en í fjölmenni stórborgarinn-

ar. Ungu börnin tala þar íslensku saman. Víða í sveitinni virtist mjer sem menn og málleysingjar skildu ekki annað en íslensku.

Ógleymanlegust af öllum heimsóknnum mínum verður mjer koman á elliheimilið Betel á Gimli. Það er sagður íslenskasti bletturinn í Vesturheimi. Þar eru um 55 gamalmenni og mun helmingur þeirra kominn yfir áttrætt.

Íslenskar konur vestra beittu sjer upphaflega fyrir fjársöfnun til þessa elliheimilis og Íslendingar standa einir að rekstri þessa. Þar hafa margir lagt sinn skerf, misjafnlega stóran, eftir getu. Stórtækastur mun hafa verið hugvitsmaðurinn Hjörtur Þórðarson í Chicago, er gaf 10 þús. dollara til heimilisins. En verndari stofnunarinnar er nú dr. B. Brandsson í Winnipeg, sem af göfugmensku sinni hugsar um heimilið, sem góður faðir.

Gamla fólkinu líður þarna unaðslega vel. En þrátt fyrir dásemd-ir umhverfisins faust mjer hugurinn vera heima — heima við bernskuminningarnar og hjá gamla landinu.

★

Síðasti fundurinn er jeg kom á var að Mountain í N.-Dakota, hinni dásamlega fögru Íslendingabygð. Þaðan eru áttaðir og uppaldir margir hinna alfræmstu Íslendinga vestan hafs.

Á þenna fund hafði hinum ótrauða varaforseta Þjóðræknisfelagsins, prófessor Richard Beck, borist brjef frá ríkisstjóra N.-Dakota. Brjefinu lýkur með kveðjuorðum til Íslendinga, á þessa leið:

Mjer þætti vænt um, að þjer vílduð skýra frá því hversu mikið álit við í Norður-Dakota höfum á fólkinu, sem er af íslensku bergi brotið. Jeg tel að með sannri megi segja, að miðað við fólksfjölda hafi fólkid frá sögneyjunni borið af öllum öðrum þjóðum og það þótt Norðmenn sjeu meðtaldir.

Fundarmönnum þótti að sjálf-sögðu mjög vænt um þenna vitnisburð frá æðsta manni ríkisins. Hann heitir John Moses og er Norðmaður að ætt. Hann var jafnframt svo elskulegur, að bjóða mjer daginn eftir til árdegisverðar í höfuðborg ríkisins, Bismark. Er jeg hitti hann þar, ásamt ýmsum æðstu mönnum ríkisins og kvaðst vilja þakka honum sjerstaklega fyrir hin vingjarnlegu ummæli í garð Íslendinga. Það er fyrir ekkert að þakka, sagði hann þá. Hann kvaðst í æsku heima í Noregi hafa lesið Íslendingasögurnar og ekki kynst betri bókmentum. Einkum dáðist hann að Njálu. Hann sagðist hafa fylgst með Íslendingum í ríki sínu og vita, að þeir verðskulduðu lof umfram aðra menn.

Næst mun Thor Thors skýra frá ýmsu fleiru, er við bar í ferð hans vestra.

J. K.

## Á morgungöngu í London...



Í St. James garði í London. Mr. Chamberlain og kona hans fara á morgungöngu sinni fram hjá nokkrum hermönnum að æfingum.